

Raforkumálastjóri  
Vatnamælingar

Skilagrein 202

L A X Á

í

Skilamannahreppi

Rvík, 24. apríl 60  
S. Rist

Áin er dragá. Lengd Laxár eru 13 km þ.e. frá Eyrarvatni og niður í Leirárvog. Ofar ber vatnsfallið önnur nöfn, svo sem Grafardalsá og Þverá. Frá upptökum Grafardalsár, sem eru efstu upptök Laxár er leiðin til sjávar 32 km. Vatnasvið Laxár, þar sem hún fellur út í Leirárvog (hjá brúnni á Þjóðveginum) 1142 km<sup>2</sup>, en þar sem hún hefst neðan Eyrarvatns er vatnasviðið 83 km<sup>2</sup>. Vatnasvið Þverár, þar sem hún fellur út úr Draghálsvatni er 37 km<sup>2</sup>. Stærð vatnanna er þessi:

Draghálsvatn	0,95 km <sup>2</sup>
Þórisst.(eða Glammast) vatn	1,25 km <sup>2</sup>
Eyrarvatn	0,83 km <sup>2</sup>

Meðalárafrennsli er nálægt 65 l/s km<sup>2</sup> þ.e.a.s. meðalrennsli Laxár niður við Þjóðveg er um 9 kl/s. Vatnið fer einkum fram snemma á vorin (apríl-máf) svo á haustin og í einstaka flóðagusum á veturnum. Vötnin jafna rennslið töluvert, þau brjóta af hæstu flóðatoppum, en dragár einkennin haldast samt glögg. Venjulegt rennsli (það er Q<sub>50</sub>) er snöktum minna en meðalrennslið eða 5-6 kl/s. Í sumar þurrkum verður áin mjög vatnslítill, fer allt niður í 1 kl/s.

Til Eyrarvatns falla nál.	82 Gl á ári
" Þórisst.vatns " "	178 " " "
og til hafs skilar Laxá "	290 " " "

Eyrarvatn er 77 metra yfir sjó, svo að meðalhelli árinna þangað uppeftir er 6°/∞  
Engin athugun hefur farið fram á því hve meðalbreidd farvegjarins er né heldur hve vatnið rennur hratt, en út frá sambandi rennslis og hraða á neðsta hluta árinna og því sem algengt er við ár af þeirri stærð sem Laxá er, tel ég sennilegt, að í þurrkum, þegar rennslið er aðeins 1 kl/s, þurfi um 3 kl/s viðbótar-rennsli til að auka vatnsdýpið um 12 cm (á stöku stað mun vatnsdýpið aukast um 15-20 cm) Ef tryggja á a.m.k. 4 kl/s allt sumarið virðist eftirfarnadi miðlunarpörf sennileg:

Í hálfan mánuð	1 kl/s
" " "	2 kl/s
" mánuð	3 kl/s

P.e.a.s. miðlum sem nemur 12 Gl

Á hvern hátt auðveldast er að geyma og hafa til ráðstöfunar þegar þurfa þykir 12 Gl af vatni á vatnasviði laxár verður ekki sagt með neinni vissu að óathuguðu máli.

Eðlilegast er að athuga vötnin þrjú. Eyrarvatn og Þórisstaðavatn munu vera nær því alveg í sömu hæð og samkvæmt Íslands uppdrætti er Draghálsvatn 2 m hærra.

Að því er ég best veit eru vötnin 20 - 25 m djúpp

E.t.v. er auðvelt að grafa niður eiðin á milli þeirra og lækka þau t.d. um 1 m þá er 2,5 m hækkun nægileg.

Þetta verður að athuga á staðnum.

25.4.1960